

## Skíðasvæðið á Seljalandsdal

Ekki eru miklar upplýsingar að finna um upphaf skíðaíþróttarinnar hér á norðanverðum Vestfjörðum. Þó er vitað að áður fyrr fóru menn á skíðum milli staða vegna erinda sem nauðsynlega þurfti að sinna, en ekki var mikið um skíðaiðkun til skemmtunar. Líklegt er að skíði hafi verið notuð eitthvað við veiðar.

Þegar flett er í heimildum og reynt að finna út hvenær þessi íþróttaiðkun hófst er ekki hægt að ganga fram hjá því, að Norðmenn þeir sem störfuðu við hvalveiðar hér um slóðir, hafa að öllum líkindum flutt með sér skíði og þekkingu á notkun þeirra (Fálkinn 1934). Vitað er að Norðmenn sem störfuðu á Flateyri með Hans Ellefsen, sem rak þar hvalveiðistöð, í broddi fylkingar, voru duglegir að kynna þessa íþrótt. Sagnir eru af því að Ellefsen hafi flutt inn skíði frá Noregi fyrir ungt fólk á svæðinu. Samkvæmt sömu heimildum þá er líklegt að eitt fyrsta skíðamót á landinu hafi verið haldið í Önundarfirði (Fálkinn 1934).

Til eru heimildir um að upp úr aldamótunum 1900 hafi verið flutt inn skíði til verslunar á Ísafirði sennilega um 20 þör og hafi í framhaldi af því vaknað mikill áhugi á skíðaiðkun í bænum (Vestri, 22. Tölublað, Laugardagur, 31. mars 1906, bls. 90).

Eftir þetta dró þó úr áhuga manna á íþróttinni og féll hún í dvala fram yfir fyrri heimstyrjöld. Eftir seinni heimstyrjöld hófu ungmennafélög um allt land þessa íþrótt til virðingar á ný og var talsverð iðkun um allt land um og upp úr 1930. (Alþ.bl.21 tbl 1952 bls.4)



Fljótlega eftir að skíðaiðkun hófst var farið að nýta Seljalandsdal sem skíðasvæði. Stóruð ofan bæjarins (eyrarinnar) var líka mjög vinsæl sem og hlíðin innan Grænagarðs. Þó er ekki vitað hvort átt er við Seljalandsdal eða einfaldlega hlíðina sjálfa. (Ýmsar heimildir).

Skíðaskáli var reistur á Seljalandsdal um 1930 af íþróttafélaginu Árvaki. Þessi skáli var gerður úr torfi og timbri. Á honum var góður gluggi sem vísaði í átt að Kvennabrekkum. Skálinn stóð stutt ofan við skálann sem enn stendur fremst á Múlanum.

Skíðaskáli númer 2 var byggður í kringum 1940 og þótti mikill munur að fá hann. Þá var farið að kenna á skíði og rekinn þar skíðaskóli. Sá skáli var úr timbri að norskrei fyrirmynd. Þessi skáli eyðilagðist í snjóflóði veturinn 1953. Strax um vorið var hafist handa við að byggja

nýjan skála. Honum var valinn staður frammar á Múlanum en báðir eldri skálarnir. Þessi skáli var fullbúinn árið 1959. Var hann því í byggingu í um 5 ár. Hann var mjög veglegur bæði hvað gisti- og veitingaaðstöðu varðar. Skálinn var í rekstri allt þar til skíðasvæðið var flutt í Tungudal eftir snjóflóðin 1994 og 1999. Til stóð að rífa hann niður en við það var hætt.

Íþróttafélagið Hörður byggði sér skíðaskála innan við Buná sem hafist var handa við að reisa 1947. Skálinn var mikið notaður fyrstu áratuginna. Síðar var skálinn fluttur niður á dal þar sem endamark sviggreina var og var hann notaður þar. Þessi skáli eyðilagðist í snjóflóðinu 1994.

Á Seljalandsdal hefur verið haldin svonefnd Skíðavika alveg frá 1934 þegar hin fyrsta eiginlega skíðavika var haldin (Fálkinn 1934 og fleiri). Heimildum ber þó ekki alveg saman um hvort þetta var árið 1934 eða 1935.



Við upphaf skíðaiðkunnar hér fyrir vestan var aðalega stunduð skíðaganga en fljótlega var farið að renna sér í brekkunum á sérstökum skíðum. Skíðaskóli var rekinn um alllangt skeið og allt fram á sjöunda áratuginn. Nemendur komu víða af landinu til að nema skíðaiðkun og var námsdvöl eftirsóknarverð lengst af.

Togbrautir voru fyrst settar upp um miðbik 20 aldarinnar en fyrsta varanlega togbrautin var sett upp af Íþróttafélaginu Herði við Sandfell upp af skíðaskála þeirra. Enn má sjá leyfar af þessari lyftu neðan við “stökkpallinn” í Sandfellshorninu. Nokkrar togbrautir voru notaðar, oftast knúnar af dráttarvélum

Fyrsta “alvöru” skíðalyftan var tekin í notkun um áramótin 1967-68. Var hún að miklu leyti reist af áhugafólki og í sjálboðavinnu. Lyftan var af gerðini Pomagalski og var framleidd í Frakklandi. Brautarlengd hennar var um 1235 metrar, en heildar lengd lyftunnar var 1309 m. Þessi lyfta var lengi vel lengsta skíðalyfta landsins og var kölluð Neðrilyftan. Árið 1971 var tekin í notkun ný lyfta sem byrjaði rétt neðan Hrossahjalla og náði alla leið upp í Hrossaskál. Þessi lyfta var kölluð Efrilyftan og var af sömu gerð og Neðrilyftan en framleidd í Noregi að hluta. Þetta var brattasta lyfta landsins og opnaði ísfirskum skíðamönnum brekkur sem gerðu miklar kröfur um getu og styrk.

Árið 1989 var enn ein lyfta byggð á Seljalandsdal en sú lyfta var kölluð Græna-lyftan. Hún var af gerðinni Leitner. Hún náði frá neðri enda elstu lyftunnar og lá utan til við svigbrekkurnar og náði vel upp fyrir rásmarkið í svigkeppnum ofan Hrossahjalla.

Þann 5. apríl 1994 féll stórt snjóflóð niður skíðasvæðið á Seljalandsdal. Það er skemmst frá því að segja að allar lyfturnar eyðilögðust og öll hús og búnaður annar en Skíðheimar.

Með þessu flóði urðu kaflaskil í notkun Seljalandsdals sem skíðasvæðis. Strax eftir snjóflóðin var þó farið af stað og byrjað að byggja upp aftur, en nú var reist ný lyfta mun innar á dalnum, nær Buná en áður, og náði hún frá rótum Kvennabrekkna upp í hlíðina rétt utan við Gilið en talsvert ofan og utan við við hól sem stundum hefur verið kallaður “Gullhóll” en það er sennilega rangnefni.

Ekki fannst öllum Ísfirðingum þetta nú vera alvöru Seljalandsdalur og hóf því hópur fólks undirbúning að því að endurreisa “efri” lyftuna svonefndu, sem náði alla leið upp í Hrossaskál og hafði eyðilagst í snjóflóðinu 1994.

Þann 14. mars 1999, þegar langt var komið við að reisa þessa lyftu, féll snjóflóð aftur á Seljalandsdal og eyðilagði öll lyftumannvirki á svæðinu í annað sinn á 5 árum. Síðan hefur ekki verið rætt um að reisa ný lyftumannvirki á dalnum, en göngumenn hafa þó byggt upp góða aðstöðu til gönguskíðaiðkunnar og flutt á svæðið skála sem stendur innan til við Buná og svolítið neðan við þar sem Harðarskáli stóð áður.

Eftir flóðið 1999 hefur verið byggt upp nýtt skíðasvæði í Tungudal og eru þar nú þrjár lyftur.

Helstu heimildir eru ég sjálfur þar sem ég hef verið þátttakandi í þessari sögu frá því um miðjan sjöunda áratuginn.

Aðrar heimildir eru:

Blaðið Fálkinn.

Alþýðublaðið.

Saga Ísafjarðar.

Blaðið Vestri.